

flokksstarfið

Hádegisfundur SUF



Hádegisfundur SUF verður haldinn miðvikudaginn 30. janúar kl. 12 í kaffiteríunni Hótel Heklu.
Gestur fundarins verður Ragnar Ólafsson formaður Framtalsnefndar Reykjavíkur.

SUF.

Fundur í fulltrúaráði




Framsóknarfélaganna í Reykjavík fimmtudaginn 31. janúar kl. 20.30 að Rauðarárstíg 18 kjallara.
Fundarefni:
Stjórnmálaviðhorfið
frummælandi Ólafur Jóhannesson.

Miðstjórnarfundur SUF

Miðstjórnarfundur Sambands ungra framsóknarmanna verður haldinn að Hótel Heklu Rauðarárstíg 18, laugardaginn 2. febrúar og hefst kl. 9 að morgni.
Dagskrá auglýst síðar.

Stjórnin.



Í dag, sunnudag, er síðasti sýningardagur yfirlitssýningar Einars G. Baldvinssonar að Kjarvalsstöðum. Sýningin hefur aðeins staðið yfir í vikutíma og hafa margir lagt leið sína á Klambratún enda forvitilegt um að litast í sýningarhúsinu þar þessa daganna. Þetta er langstærsta sýning á myndum Einars sem haldin hefur verið til þessa og tæpast annarrar jafnviðamikillar að vænta í bráð því nær allár myndanna eru í einkaeign og þarf að smala þeim saman víða að. Örfáar myndir voru til sölu er sýningin var opnuð. Þarna gefur einnig að líta litlar litkrítarmyndir, sem listamaðurinn hefur nýlega gert og mun eitthvað af þeim vera óselt ennþá. Bent skal á að sýningin verður ekki framlengd en opið er til kl. 22.00 í kvöld. Meðfylgjandi mynd er frá sýningunni.

Sá mest seldi ár eftir ár



Pólar h.f.

EINHOLTI 6

Plötudómar

sveitarinnar voru bræðurnir Jack og Chuck Panozzo, en auk þeirra skipa nú hljómsveitina þeir Tommy Shaw, Dennis De Young og James (JY) Young. Styx sendu nýlega frá sér sina niundu hljómplötu og trúlega þá bestu hingað til og nefnist hún „Cornerstone". Eitt lag af þessari plötu, „Babe" eftir Dennis De Young hefur þegar náð hátt á bandarísk vinsældalistanum og ef Styx halda rétt á spilunum þá ætti þessi plata að geta orðið „Hornsteinninn" að velgengni þeirra í framtíðinni.


Þó að fyrrgreint lag hafi náð svo hátt sem raun ber vitni, þá er það alls ekki besta lag plötunnar að minu viti. Bæði „Never say never" eftir Tommy Shaw og „Lights" eftir Tommy Shaw og Dennis De Young eru fullt eins góð — ef ekki betri og ekki kæmi mér á óvart þó að þau myndu spjara sig í framtíðinni. Svo vikið sé nánar að tónlist Styx, þá má segja að hún líkist einna helst tónlist hljómsveita eins og Kansas, en sum lögin s.s. „Why me" minna frekar á hljómsveitir eins og Supertramp. Styx gefur þessum hljómsveitum lítið eftir og aðalkostur hljómsveitarinnar er sá að allir fimm hljómsveitarmeðlimirnir hjálpast að við sönginn — sem er yfirleitt mjög góður.

„Cornerstone" verður að teljast mjög góð plata vaxandi hljómsveitar, sem er fyllilega þess verð að henni sé gaumur gefinn í framtíðinni.

—ESE

mazda

VARAHLUTAMIÐSTÖÐ Í BELGÍU



Kaupendur japanskra bifreiða athugið:

Áður en þið festið kaup á japönskum bílum, þá spyrjið um varahlutamiðstöð fyrir Ísland, því leiðin frá Japan er löng og ströng ef þið lendið í óhöppum.

BÍLABORG HF.
SMIÐSHÖFÐA 23 símar: 812 64 og 812 99

SMÁAUGLÝSINGAR VÍSIS ÞÆR GERA SITT GAGN

Þau auglýstu í VÍSI:

„Hringt alls staðar frá"



Bragi Sigurðsson:
— Ég auglýsti allskonar tæki til ljósmyndunar, og hefur gengið mjög vel að selja. Það var hringt bæði úr borginni og utan af landi. Ég hef áður auglýst í smáauglýsingum Vísis, og alltaf fengið fullt af fyrirspurnum.

„Eftirspurn í heila viku"




Páll Sigurðsson:
— Simhringingarnar hafa staðið í heila viku frá því að ég auglýsti vélhjólið. Ég seldi það strax, og fékk ágætis verð. Mér datt aldrei í hug að viðbrögðin yrðu svona góð.

„Vísisauglýsingar nægja"



Valgeir Pálsson:
— Við hjá Valþór sf. fórum fyrst að auglýsa teppahreinsunina í lok júlí sl. og fengum þá strax verkefni. Við auglýsum eingöngu í Vísi, og það nægir fullkomlega til að halda okkur gangandi allan daginn.

„Tilboðið kom á stundinni"



Skarphéðinn Einarsson:
— Ég hef svo góða reynslu af smáauglýsingum Vísis að mér datt ekki annað í hug en að auglýsa Citroeninn þar, og fékk tilboð á stundinni. Annars auglýsti ég bilinn áður í sumar, og þá var alveg brjálæðislega spurt eftir honum, en ég varð að hætta við að selja í bili. Það er merkilegt hvað máttur þessara auglýsinga er mikill.

Selja, kaupa, leigja, gefa, leita, finna.....
Þú gerir það í gegn um smáauglýsingar Vísis

VÍSIR

Smáauglýsingasíminn er: 86611